

Krónan ehf.  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogur

Reykjavík, 13. desember 2021  
UST202110-286/B.B.B.  
07.05.02

### Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar – Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að handsóttthreinsar, sem eru til sölu í verslunum Krónunnar, uppfylla mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Við eftirlit í Krónunni Bíldshöfða þann 1. nóvember sl. fundust handsóttthreinsarnir **Grøn balance – Håndspritt gel** og **Lucky Super Soft - Hand Sanitizer** sem Krónan ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á í skilningi efnalaga. Vörurnar voru skoðaðar með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur og reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Skoðunin leiddi í ljós að hvorug varan uppfyllti skilyrði um merkingar, sbr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014.

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

**Umhverfisstofnun veitir hér með Krónunni ehf. frest til 10.1.2022 til að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkingum fyrir vörurnar Grøn balance – Håndspritt gel og Lucky Super Soft - Hand Sanitizer, sem og staðfestingu á að bætt hafi verið úr frávikum vegna áþreifanlegrar viðvörunnar á þeirri síðarnefndu. Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málnúmerinu UST202110-286.**

**Umhverfisstofnun veitir Krónunni ehf. hér með frest til 20.12.2021 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnálaganna nr. 37/1993.**

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 20.12.2021.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beiðingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um markaðssetningu sæfivara og kröfur er varða flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/> og <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur og hættuflokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í síma 591-2000. Nánari upplýsingar um efni bréfsins eða meðfylgjandi eftirlitsskýrslu veitir Bergdís Björk Bæringsdóttir í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [bergdisbb@ust.is](mailto:bergdisbb@ust.is).

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla